

Viðauki 2

**Verðsamanburður og aðlögunartími fyrir
lækkun lúkningarverðs vegna símtala í GSM
farsímanet Símans og Og Vodafone**

20. júlí 2006

Efnisyfirlit

1.0	Inngangur	3
2.0	Forsendur við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum.....	6
2.1	Verg landsframleiðsla á hvern íbúa	7
2.2	Sambærileg tækni	9
2.3	Lægstu meðallúkningarverð í samanburðarlöndunum.....	9
2.4	Þrjú lægstu lúkningarverð	11
2.5	Samantekt og niðurstaða	14
3.0	Ákvörðun um lúkningarverð	14
4.0	Verðaðlögun	16
5.0	Þróun	18

1.0 Inngangur

Skv. 1. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 getur Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar eða aðgangs ef markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk krefjist of hárra gjalda eða að óeðlilega lítill munur sé á heildsölu- og smásöluverði.

PFS telur að skilyrði framangreinds ákvæðis séu fyrir hendi á heildsölumarkaði um lúkningu símtala í einstökum farsímanetum¹. PFS vísar til niðurstaðna í greiningu á markaði 16, sem er að finna í viðauka 1 með ákvörðun um markaði 16, máli sínu til stuðnings hér. Þar kemur m.a. fram að flest vandamál þar tengjast lúkningarverði á símtölum í farsímanet. Lúkningarverð í GSM farsímaneti Símans samanstóð á árinu 2005 af 0,68 kr. tengigjaldi og 8,92 kr. mínútagjaldi sem gerir alls 9,6 kr. fyrir mínútu símtal. Lúkningarverð hjá Og Fjarskiptum (Og Vodafone) á sama tíma var tvískipt, dagtaxti á 13,2 kr. og nærturtaxti 11,0 kr. ásamt 0,99 kr. tengigjaldi. Það gerir 14,19 kr. fyrir mínútu símtal á dagtaxta og 11,99 kr. fyrir mínútu símtal á kvöldtaxta. Meðallúkningarverð Og Vodafone fyrir mínútu símtal á dag- og kvöldtaxta er um 36,4% hærra en hjá Símanum. Að mati PFS er sá munur sem er á lúkningarverðum farsímafyrirtækjanna ekki eðlilegur og ýmislegt bendir til að lúkningarverð séu töluvert umfram raunverulegan kostnað fyrirtækjanna í dag. Auk þess telur PFS að yfirverðlagning eigi sér stað á símtölum sem eiga uppruna í öðrum netum en þeim farsímanetum sem lúkning þeirra fer fram í sem sýnir sig m.a. í því að smásöluverð fyrir innan nets símtöl eru lægri en fyrir símtöl í önnur net.

Í 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga kemur fram að PFS getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrár á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningar- aðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Í greiningu á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (viðauki 1) kemur fram að með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga hyggst PFS ákveða lúkningarverð í GSM farsímanet Símans og Og Vodafone með samanburði við verð sem tíðkast á sambærilegum mörkuðum. PFS telur mikilvægt að notuð sé aðferð sem sé einföld og gefi kost á að niðurstaða fái á tiltölulega skömmum tíma. PFS telur að verðsamanburður sé aðferð sem geti gefið góða hugmynd um hæfilegt verð auk þess sem aðferðin er tiltölulega fljótleg í framkvæmd miðað við flestar aðrar aðferðir. Framkvæmd aðferðarinnar hefur ekki í för með sér mikinn aukakostnað fyrir þau fyrirtæki sem sæta henni, enda þurfa þau hvorki að vinna upplýsingar úr bókhaldi sínu né að gera kostnaðarlíkan. Hins vegar getur framangreind ákvörðun PFS haft í för með sér tekjuskerðingu fyrir félögin en það er mat PFS að lægra heildsöluverð fyrir lúkningu símtala þurfi ekki að öðru óbreyttu að draga úr heildartekjum farsímafyrirtækja ef verðlækkunin leiðir til aukinnar farsímanotkunar í mínútum talið.

¹ Sá markaður sem hér um ræðir samsvarar markaði 16 í tilmælunum ESA sbr. bls. 9: "Voice call termination on individual mobile networks".

Aðferðin felst í því að fundnir eru sambærilegir markaðir á grundvelli ákveðinna skilyrða og meðallúkningarverð² á þeim mörkuðum borin saman. Valið afmarkast við lönd sem náð hafa ákveðnu þróunarstigi með hliðsjón af þjóðarframleiðslu. Þegar valið hefur verið afmarkað við ákveðin lönd þá eru borin saman meðallúkningarverð í þeim löndum. Þá eru lúkningarverð farsímafyrtækja í þeim löndum borin saman og valið það fyrirtæki í hverju landi sem býður lægsta lúkningarverðið. Lægstu meðallúkningarverð fyrirtækja í þremur samanburðarlöndum er svo notað til samanburðar við að ákvarða lúkningarverð í GSM neti Símans og Og Vodafone.

Ákvörðun um verð með verðsamanburði er ekki nýtt fyrirbæri. Í því sambandi má benda á að framkvæmdastjórn ESB birti í janúar 1998 tilmæli um verðlagningu samtengingar í fastanetinu þar sem byggt var á verðsamanburði.³ ESB hefur hins vegar ekki gefið út nein tilmæli um verðsamanburð í farsímanetum. Verðsamanburður hefur stundum verið notaður þegar ekki hafa legið fyrir fullnægjandi kostnaðarupplýsingar. Fjarskiptaeftirlitsstofnanir í Danmörku, á Spáni og í Portúgal⁴ hafa notað samanburð til að ákvarða lúkningarverð fyrir símtöl í farsíma. Eftirlitsstofnunin á Spáni notar samburðaraðferðina sem millistig fyrir eitt farsímafyrtæki vegna þess að þar eru ekki til samþykkt bókhaldsgögn. Eftirlitsstofnunin í Portúgal notar samanburðaraðferðina tímabundið eða í rúmlega ár en þá á kostnaðargreining að vera tilbúin. Danska eftirlitsstofnunin, NITA, hefur kynnt drög að aðferðafræði sem byggir á verðsamanburði, en sú aðferð er að hluta til sambærileg við þá aðferð sem PFS hyggst beita. Aðferð NITA er afmörkuð við Norðurlönd á meðan PFS skoðar fleiri lönd.

Til lengri tíma litið getur verið eðlilegt að nota kostnaðargreiningaraðferðir eins og LRIC en sú aðferð tekur langan tíma og PFS telur nauðsynlegt að leiðrétta verð fyrir lúkningu á símtölum í GSM net hér á landi sem allra fyrst. Eldri kostnaðargreiningar á lúkningu símtala í íslenskum GSM farsímakerfum⁵ hafa tekið til greina ákveðið óhagræði sem endurspeгла ekki hagkvæmt rekið fyrirtæki. PFS telur nauðsynlegt að styðjast við verðstjórnunaraðferðir sem endurspeгла hagkvæmt rekið fyrirtæki. Það á við bæði í þeim verðsamanburði sem stofnunin hyggst beita hér og í mögulegri LRIC kostnaðargreiningaraðferð.

PFS telur að nauðsynlegt sé að beita verðsamanburði núna til að tryggja hagsmuni neytenda, koma á skilyrðum fyrir virkari samkeppni á farsíma markaði og stuðla að innkomu fleiri sjálfstæðra þjónustuaðila á markaðinn. PFS hyggst fylgjast vel með árangri af þessari aðferð til verðstýringar. Ef ekki næst viðunandi árangur hyggst stofnunin krefjast þess að fyrirtækin geri kostnaðarlíkan samkvæmt LRIC aðferðafræði miðað við hagkvæmt rekið fyrirtæki og ákvarða verð með hliðsjón af því. Auk þess telur stofnunin rétt að stefna að því að LRIC kostnaðargreining verði

² Meðallúkningarverð er meðalmínútuverð á dagtaxta og kvöld-/helgartaxta og tengigjald þegar það á við.

³ "Tilmæli framkvæmdarstjórnarinnar nr. 98/195 frá 8. janúar 1998 um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði (1. hluti-Verðlagning samtengingar). Tilmælunum hefur hinsvegar verið breytt með tilmælum nr. 2000/263/EB og tilmælum 2002/175/EB og verðsamanburðurinn felldur gildi, þ.e. liðir 4., 4.a, 5. og 9. og II. viðauki.

⁴ <http://www.anacom.pt/template12.jsp?categoryId=148542>

⁵ Sjá ákvörðun PFS frá 23. apríl 2003 um samtengiverð Símans og ákvörðun PFS frá 15. júlí 2004 um frumkostnaðargreiningu í fjarskiptanetum Og fjarskipta (www.pfs.is)

tekin upp til að ákvarða lúkningarverð í GSM farsímanetum hér á landi innan 2 ára. Þ.e.a.s. við lok aðlögunartímans.

Með bréfi, dags. 30. janúar 2006, sendi PFS út skjal þar sem kynnt var sú aðferðafræði sem PFS hyggst beita við framangreindan verðsamanburð og aðlögunartími vegna lækkunar lúkningarverðs í GSM farsímanet Símans og Og Vodafone. Þetta skjal var lagt fram til samráðs og fjarskiptafyrirtækjum var boðið að gera athugasemdir við það. Síminn og Dagsbrún hf.⁶ (Og Vodafone) sendu inn athugasemdir þann 27. febrúar sl. PFS hefur nú endurskoðað framangreint skjal og gert leiðréttingar í samræmi við framkomnar athugasemdir. Þær athugasemdir sem bárust og varða þá aðferðafræði og niðurstöður sem PFS kynnti í samráðskjalinu hafa verið teknar hér inn í endurskoðað skjal og verður gerð grein fyrir þeim þar sem við á og þeim jafnframt svarað.

Í athugasemdum sínum vísar Síminn í fylgiskjal þar sem er að finna skýrslu um hvernig haga skuli framkvæmd á fjarskiptalöggjöf ESB í örríkjunum Kýpur, Möltu og Lúxemborg⁷. Síminn gerir þá kröfu að lúkningarverð Og Vodafone verði lækkuð til samræmis við núverandi lúkningarverð Símans og að núverandi verð Símans verði óbreytt á viðmiðunartímabilinu.

Síminn telur að Og Vodafone hafi nú þegar unnið upp það fjögurra ára forskot sem Síminn hafði og því beri að hefjast handa við að lækka verð Og Vodafone til samræmis við verð Símans. Síminn telur jafnframt að verðlagning Og Vodafone endurspegli ekki kostnað við rekstur farsímadreifikerfis félagsins og bendir á að skv. mynd 3 séu lúningargjöld Og Vodafone þau fjórðu hæstu í Evrópu. Síminn telur þetta skjóti skökku við með hliðsjón af því að kerfi Og Vodafone er bundið við þéttbýlissvæði á Suð-Vestur horni landsins og Eyjafjarðarsvæði og að Og Vodafone njóti hagkvæmni stærðarinnar þrátt fyrir að vera með rekstur í fámennu en strjálbýlu landi. Síminn bendir einnig á að Og Vodafone fái aðgang að farsímastöðvum Símans í gegnum reikisamninga á verði sem er undir kostnaðarverði við rekstur farsímastöðva og búi því við samkeppnisforskot af því að hafa tekjur umfram kostnað af eigin farsímakerfi í þéttbýli.

Síminn byggir kröfu sína um óbreytt verð hjá félaginu á því að núverandi verðlagning endurspegli þau verð sem með sanngirni er hægt að ætlast til af hagkvæmt reknu farsímafyrirtæki í fámennu en strjálbýlu landi.

Í athugasemdum sínum ítrekar Og Vodafone margar af þeim athugasemdum sem félagið gerði við greiningu á markaði 16 og vísar PFS í því sambandi til viðauka 3 með ákvörðun um markað 16 þar sem athugasemdum félaganna við greiningu á markaði 16 er svarað. Í athugasemdum sínum hafnar Og Vodafone aðferðafræði PFS varðandi verðsamanburð, bæði hvað varðar forsendur og niðurstöðu. Og Vodafone segir að til að hægt sé að beita verðsamanburði þurfi að miða við verð fyrirtækja sem séu svipuð að uppbyggingu og Og Vodafone og beri sambærilegan kostnað. Ennfremur þurfi að vera um hagkvæmlega rekin fyrirtæki í skilningi fjarskipta- og samkeppnisréttar. Og Vodafone segir að við mat á þeim kostnaði sem liggur til grundvallar ákvörðunar lúkningarverðs þurfi einkum að líta til tveggja þátta;

⁶ Nú Og fjarskipti ehf.

⁷ Skýrsla unnin af ráðgjafafyrirtækjunum Ovum og Indepen "Applying the EU Regulatory Framework in microstates" og birt í júní 2005.

kostnaðar við uppbyggingu og rekstur nets og launakostnaðar. Jafnframt telur Og Vodafone ekki hægt að álykta svo að stærð íslenska farsímamarkaðarins hafi ekki áhrif á mat á hæfilegu lúkningarverði. Og Vodafone telur að LRIC kostnaðarlíkan sé betur til þess fallið að skila réttlátri niðurstöðu og lýsir sig reiðubúið til þess að vinna að smíði slíks líkans í samvinnu við PFS. Varðandi tímabundna lausn þá leggur Og Vodafone til að verð félagsins og Símans verði metið á grundvelli sögulegs kostnaðar að teknu tilliti til þróunar slíkra líkana í nágrennalöndunum.

Varðandi kröfu Símans um óbreytt verð hjá félaginu þá vill PFS minna á að samkvæmt þeim útreikningum sem Síminn skilaði inn við kostnaðargreiningu á lúkningarverði félagsins þá var ákveðið óhagræði tekið inn í kostnað þess á sama hátt og gert var í útreikningum Og Vodafone. Í ljósi þess þá telur PFS útilokað að fallast á þá kröfu Símans að verðið verði óbreytt hjá félaginu. Jafnframt bendir PFS á að greining á markaði 16 (viðauki 1) felur í sér heildarendurskoðun á markaðsstöðu félaganna og lúkningarverði fyrir símtöl í GSM farsímanet þeirra og niðurstöður þess benda til að lúkningarverð séu töluvert umfram raunverulegan kostnað félaganna í dag og því telur PFS nauðsynlegt að leiðrétta lúkningarverð beggja félaga.

Varðandi athugasemd Og Vodafone þá hefur PFS skýra lagaheimild til nota verðsamanburð sbr. 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga. Einnig má benda á að eins og fram hefur komið þá hefur framkvæmdastjórn ESB fjallað um verðsamanburð og hann hefur einnig verið notaður hjá öðrum fjarskiptaeftirlitsstofnunum. Þá má benda á að Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála féllst á þá aðferð að miða við verðsamanburð í máli nr. 5/2006 um samtengigjöld Símans í fastanetinu⁸. PFS fellst því ekki á það að eingöngu sé hægt að miða við félög sem séu svipuð að uppbyggingu og Og Vodafone og beri sambærilegan kostnað.

Að mati PFS eru ekki forsendur til að leggja mismunandi kvaðir á farsímafélögin eins og Og Vodafone telur rétt að gera. Þrátt fyrir að flest bendi til þess að Síminn sé með sterkari stöðu á farsímamarkaði en Og Vodafone þá eru bæði félögin með einokun á lúkningu símtala í eigin farsímaneti. Eftirlitstofnun ESA hefur einnig bent á að allur mismunur á lúkningarverði verði að vera rökstuddur með kostnaðarlegum útreikningum á hagkvæmum framleiðslukostnaði.⁹ Að mati PFS uppfyllir munurinn núverandi lúkningarverði fyrirtækjanna ekki þetta skilyrði þar sem útreikningar félaganna innihalda visst óhagræði. Mismunur á lúkningargjöldum verður því eingöngu rökstuddur með því að kostnaðarútreikningar byggðir LRAIC réttlæti slíkan mun.

2.0 Forsendur við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum

Sá markaður sem hér um ræðir nær yfir lúkningu símtala í farsímanetum Símans og Og Vodafone. Þau farsímanet sem hér falla undir eru GSM 900 og 1800 samkvæmt skilgreiningu PFS á viðkomandi markaði.

Eins og áður segir ætlar PFS að nota samanburð á lægstu lúkningarverðum á þremur sambærilegum samkeppnismörkuðum til að ákveða lúkningarverð á símtölum í GSM

⁸ Sjá úrskurð Úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála nr. 5/2006 frá 10. apríl 2006.

⁹ Sjá athugasemdir ESA við greiningu og ákvörðun NPT um kvaðir á markaði 16, dags. 6. september 2005 (<https://eea.eftasurv.int/portal/hcleip>)

farsímanet Símanis og Vodafone. Forsenda þess að hægt sé að bera saman lúkningsverð er að viðkomandi net og tækniþúnaður sé samanburðarhæfur. Ekki er tekið tillit til kostnaðar sem myndast vegna ótímabærrar tækni, rangra fjárfestinga, lélegrar nýtni o.fl., heldur er miðað við hagkvæmt rekið fyrirtæki.

PFS taldi rétt að skoða hvort stærð farsímamarkaða ætti að hafa áhrif á samanburðinn og bera ætti Ísland eingöngu saman við lönd með sambærilegan fjölda notenda í GSM farsímanetum. Í því sambandi má benda á að stærð markaðarins á Íslandi hefur ekki staðið í vegi fyrir því að landið hefur margsinnis verið tekið inn í alþjóðlegan samanburð m.a. í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um fjarskipti¹⁰ en þar kom ekkert fram sem bendir til að íslenskur fjarskiptamarkaður sé ekki samanburðarhæfur í alþjóðlegu samhengi. Verð til neytenda á Íslandi vegna fjarskiptaþjónustu eru yfirleitt í hópi þeirra lægstu í samanburði OECD og smæð íslenska markaðarins virðist síður en svo valda vandamálum í slíkum samanburði. Í því ljósi telur PFS að stærð íslenska farsímamarkaðarins eigi ekki að hafa áhrif á samanburðinn hér.

Við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum er mikilvægast að afmarka valið við þau lönd sem eru samanburðarhæf við Ísland. IRG (Independent Regulators Group) er óformlegur samstarfsvettvangur evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana þar sem öll lönd innan EES auk nokkurra annarra Evrópulanda taka þátt í mótun og samræmingu aðgerða á sviði fjarskipta. PFS telur eðlilegt að afmarka val sitt við lönd innan IRG sem hafa innleitt tilskipanir ESB um fjarskipti og greina fjarskiptamarkaði í samræmi við leiðbeiningar og tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um markaðsgreiningu. Að mati PFS er að finna í þessum löndum sambærilega samkeppnismarkaði. Hins vegar er nauðsynlegt að fara í gegnum allar forsendurnar áður en ákvörðun um endanlegt val liggur fyrir.

Eftirfarandi forsendur¹¹ eru lagðar til grundvallar við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum:

1. Verg landsframleiðsla á hvern íbúa skal vera samburðarhæf við Ísland og frávik skulu vera innan við 25%.
2. Tækni skal vera sambærileg.
3. Miða skal við þau lönd sem eru með lægstu meðalverð fyrir lúkningu símtala í GSM farsímanetum.
4. Miða skal við þau farsímafyrirtæki sem bjóða lægstu lúkningsverð á þeim mörkuðum sem taldir eru samanburðarhæfir og eru með lægstu meðalverð.

2.1 Verg landsframleiðsla á hvern íbúa

Til að lúkningsverð séu samanburðarhæf telur PFS rétt að skoða hver sé verg landsframleiðsla á hvern íbúa í þeim löndum sem eru til skoðunar og bera þá niðurstöðu saman við stöðuna hér á landi. Verg landsframleiðsla er ekki beint tengd kostnaðarverðum fyrir lúkningu símtala en sýnir ákveðinn mun á milli landa, sem hjálpar við mat á því hvaða lönd eru samanburðarhæf í þessu sambandi. PFS hefur í töflu 1 borið saman verga landsframleiðslu á hvern íbúa á árinu 2003 milli Íslands og

¹⁰ <http://213.253.134.29/oecd/pdfs/browseit/9305011E.PDF>

¹¹ Forsendurnar eru notaðar til að þrengja valið.

landa innan IRG. Að mati PFS eru þau lönd sem höfðu meira en 25% frávik frá Íslandi ekki talin samanburðarhæf. Ástæðan fyrir 25% frávikinu er að með því er tekið tillit til ákveðins þróunarstigs landanna sem kemur fram í landsframleiðslu.

Tafla 1. Verg landsframleiðsla á hvern íbúa árið 2003

Land	Verg landsframleiðsla á hvern íbúa (2003) PPP US\$	Hlutfallslegt frávik frá Íslandi %
Rúmenía	7.277	- 76,71
Búlgaría	7.731	- 75,26
Lettland	10.270	- 67,13
Pólland	11.379	- 63,58
Litháen	11.702	- 62,55
Eistland	13.539	- 56,67
Ungverjaland	14.584	- 53,32
Tékkland	16.357	- 47,65
Malta	17.633	- 43,56
Portúgal	18.126	- 41,98
Kýpur	18.776	- 39,90
Slóvenía	19.150	- 38,71
Grikkland	19.954	- 36,13
Spánn	22.391	- 28,33
Slóvakía	22.420	- 28,24
Svíþjóð	26.750	- 14,38
Ítalía	27.119	- 13,20
Bretland	27.147	- 13,11
Finnland	27.619	- 11,60
Frakkland	27.677	- 11,41
Pýskaland	27.756	- 11,16
Belgía	28.335	- 9,31
Holland	29.371	- 5,99
Austurríki	30.094	- 3,68
Sviss	30.552	- 2,21
Ísland	31.243	0
Danmörk	31.465	0,71
Noregur	37.670	20,57
Írland	37.738	20,79
Lúxemborg	62.298	99,40

Heimild: Human Development report 2005; United Nation

Með hliðsjón af framangreindu má sjá að verg landsframleiðsla á hvern íbúa í Svíþjóð, Ítalíu, Bretlandi, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu, Hollandi, Austurríki, Sviss, Danmörk, Noregi og Írlandi er samanburðarhæf við Ísland þar sem frávikin á milli þessara landa og Íslands eru undir 25%.

Síminn gerir athugasemdir við framangreinda forsendu PFS og bendir á að engin tengsl, hvorki bein né óbein, séu á milli vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa og kostnaðar við lúkningarverð í farsíma. Síminn telur að málefnalegan grundvöll skorti fyrir þessari grunnforsendu PFS. Síminn telur að réttari samanburður fái með því að skoða þætti sem taka tillit til hins háa hlutfalls fasts kostnaðar, skorts á innkaupamætti og takmarkaðar nýtingu farsímakerfis í fámennu en strjálbýlu landi. Síminn telur að PFS eigi frekar að rannsaka hvaða ríki séu samanburðarhæf m.t.t. landfræðilegra staðhátta og fjölda viðskiptamanna. Síminn segir að Ísland sé einfaldlega í þeirri einstöku stöðu að vera fámenn þjóð í stóru landi og að framhjá því verði ekki litið.

Og Vodafone telur að engar forsendur séu til þess að ætla að verg landsframleiðsla á íbúa hafi áhrif á kostnað vegna lúkningar símtala í farsímanetum.

Að mati PFS er nauðsynlegt að útiloka lönd sem eru venjulega ekki borin saman við Ísland þar sem aðstæður þar eru ekki sambærilegar við aðstæður á hér á landi. Verg landsframleiðsla á hvern íbúa sýnir ákveðið þróunarstig landa sem gerir það kleift að velja þau lönd þar sem finna má sambærilegar aðstæður og eru á Íslandi. Tilgangur með þessari forsendu er ekki að gera leiðréttingu á lúkningargjöldum með tilliti til vergrar landsframleiðslu heldur að rökstyðja val á samanburðarhópi. Í framangreindum úrskurði Úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála nr. 5/2006 var engin rökstuðningur fyrir vali á löndum í verðsamanburði Símans. PFS telur hins vegar eðlilegt að hafa fyrirfram ákveðnar forsendur að baki því hvernig lönd eru valin til samanburðar og verg landsframleiðsla á hvern íbúa er að mati PFS vel til þess fallin að velja þau lönd sem eðlilegt er að Ísland beri sig saman við.

2.2 Sambærileg tækni

Í Svíþjóð, Ítalíu, Bretlandi, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu, Hollandi, Austurríki, Sviss, Danmörk, Noregi og Írlandi sem talin eru samanburðarhæf við Ísland er að finna GSM farsímanet sem byggja á GSM 900 og 1800 tækni. Einnig eru þeir samtengissamningar sem gerðir eru vegna þessara neta samsvarandi við íslenska samtengissamninga.

Það er mat PFS að GSM farsímanet í framangreindum löndum séu að miklu leyti sambærileg við GSM farsímanet á Íslandi. PFS hefur ekki undir höndum neinar upplýsingar sem sýna að gæði séu mismunandi í kerfunum og því er ekki ástæða til meta tæknihlutann frekar.


2.3 Lægstu meðallúkningarverð í samanburðarlöndunum

IRG birtir á heimasíðu sinni samantekt um meðalverð fyrir lúkningu símtala í GSM farsímanetum í flestum löndum Evrópu. Meðalverð í hverju landi er fundið með því

að taka lúkningarverð farsímafyritækja í hverju landi og margfalda það með markaðshlutdeild þeirra í fjölda viðskiptavina.

Á mynd 1 er að finna yfirlit frá IRG yfir meðallúkningarverð fyrir símtöl í GSM net flestra Evrópulanda þann 1. júlí 2005. Á myndinni má sjá að lúkningarverð eru lægst í Kýpur, Finnlandi, Litháen, Rúmeníu, Svíþjóð, Bretlandi og Noregi.

Mynd 1. Meðallúkningarverð fyrir símtöl í GSM net í Evrópu




Heimild: Independent Regulators Group – IRG¹²

Á mynd 2 hafa verið tekin út þau lönd sem talin eru samanburðarhæf við Ísland, sbr. kafli 2.1 og 2.2, og meðallúkningarverð þar borin saman. Á myndinni má sjá að verð eru lægst í Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi og Noregi.

Mynd 2. Meðallúkningarverð í samanburðarlöndunum

¹²http://irgis.anacom.pt/site/en/conteudos.asp?id_conteudo=21341&id_l=274&ln=en&id_area=277&ht=Documents




Heimild: Independent Regulators Group – IRG¹³

2.4 Þrjú lágstu lúkningarverð

Ef eingöngu væri stuðst við meðallúkningarverð í hverju landi mætti gera ráð fyrir að þar inni væru lúkningarverð farsímafyrirtækis sem ekki gæti talist hagkvæmt rekið fyrirtæki og það gæti þannig skekkt samanburðinn. Því er nauðsynlegt að miða við farsímafyrirtæki með lágstu lúkningarverð. Á mynd 3 er að finna yfirlit yfir meðallúkningarverð farsímafyrirtækja í þeim löndum sem talin eru samanburðarhæf skv. framangreindri umfjöllun og mynd 2. Það má sjá á myndinni að í desember 2005 voru TeliaSonera og Elisa í Finnlandi, O2 og Vodafone í Bretlandi, TeliaSonera í Svíþjóð og Telenor í Noregi með lágstu lúkningarverð.

Mynd 3. Meðallúkningarverð farsímafyrirtækja í samanburðarlöndunum

¹³http://irgis.anacom.pt/site/en/conteudos.asp?id_conteudo=21341&id_l=274&ln=en&id_area=277&ht=Documents



Heimild: Cullen International, Desember 2005

Íslenska krónan hefur verið á flökki síðustu ár eins og sjá má á töflu 2 hér fyrir neðan. Síminn gerði athugasemdir við gengisforsendur PFS og benti á að gengi íslensku krónunnar hafi verið í sögulegu hámarki árið 2005. Síminn lagði til að miðað yrði við meðalgengi fimm síðustu ára. PFS hefur ákveðið að fallast á það með Símanum að miða útreikninga við meðalgengi síðustu 5 ára (2001 til 2005), þó svo að meðalgengi árið 1999 og 2000 bendi til þess að meðalgengi gjaldmiðlanna árið 2005 hafi ekki verið einstakt. Með því að miða við meðalgengi síðustu 5 ára þá hækka gengisforsendur PFS í þeim útreikningum sem byggt verður á hér síðar. Þessi hækkun gerir það að verkum að þeir útreikningar sem byggt var á í skjalinu sem lagt var fram til samráðs þann 30. janúar 2006 voru lægri og leiddu til lægra lúkningarverðs.

Tafla 2 Meðalgengi gjaldmiðla frá 1999-2005

Ár	GBP	NOK	SEK	EUR
1999	117,14	9,28	8,76	77,17
2000	119,14	8,95	8,59	72,61
2001	140,71	10,88	9,44	87,49
2002	137,13	11,48	9,41	86,20
2003	125,36	10,84	9,51	86,72
2004	128,41	10,41	9,55	87,15
2005	114,26	9,76	8,42	78,14

Heimild: Seðlabanki Íslands

Í töflu 3 er að finna samanburð á lægstu lúkningarverðum farsímafyrirtækjanna skv. mynd 3. PFS hefur gert þá breytingu frá því í samráðskjalinu að taka Finnland út úr samanburðinum í samræmi við athugasemdir Símans. PFS telur að ekki sé rétt að miða við lúkningarverð í Finnlandi þar sem sérstakar aðstæður eru á lúkningarmarkaðinum þar og samanburðurinn í mynd 2 og 3 tekur ekki yfir lúkningarverð fyrir öll símtöl sem lýkur í finnskum farsímanetum. Því telur PFS rétt að miða við Telenor í Noregi, O2 í Bretlandi og TeliaSonera í Svíþjóð. Þrátt fyrir að Vodafone í Bretlandi sé með lægri verð en TeliaSonera í Svíþjóð og Telenor í Noregi

þá er, eins og áður hefur komið fram, samanburðurinn takmarkaður við eitt fyrirtæki í hverju viðkomandi landi. O2 og Vodafone í Bretlandi eru með sömu verð en aðeins annað fyrirtækið tekið með í samanburðinn.

Tafla 3 Farsímafyrirtæki með lægstu lúkningarverð¹⁴

Fyrirtæki	Dagtaxti	Kvöld- og helgartaxti
Telenor (Noregur) ¹⁵	7,79	7,79
O2 (Bretland) ¹⁶	7,27	7,27
TeliaSonera (Svíþjóð) ¹⁷	7,41	7,41

Heimild: Cullen International, Desember 2005

Af töflu 3 má sjá að TeliaSonera í Svíþjóð, O2 í Bretlandi og Telenor í Noregi eru með lægstu verð og að mati PFS eru þessi fyrirtæki dæmi um hagkvæmt rekin fyrirtæki hvað varðar lúkningu símtala í GSM farsímanetum. Í ljósi þess telur PFS að eðlilegt sé að nota lúkningarverð þessara þriggja fyrirtækja til samburðar þegar fundið er út það lúkningarverð sem nota skal til viðmiðunar við ákvörðun á verði fyrir lúkningu á símtölum í GSM farsímanet á Íslandi.

Síminn gerði athugasemdir við að PFS styðjist við framangreinda aðferð og leggi til grundvallar lægstu mögulegu verð hjá þremur fyrirtækjum. Síminn telur að miða eigi við meðallúkningarverð í samanburðarlöndunum sem IRG hefur reiknað út með því að leggja saman meðallúkningarverð hvers og einstaks fyrirtækis og margfalda með markaðshlutdeild þeirra og deila í fjölda viðskiptavina í hverju landi. Síminn bendir á að verðlagning í Finnlandi sé ekki samanburðarhæf, verð þar séu þau lægstu sem þekkjast í Evrópu, að Kýpur undanskilinni, vegna sérreglu í finnsku fjarskiptalögunum en ekki vegna þess að verð séu öll kostnaðargreind.

Og Vodafone telur það órökstutt að nauðsynlegt sé að miða við farsímafyrirtæki með lægstu lúkningarverð. Og Vodafone telur að það að fyrirtæki bjóði upp á lágt lúkningarverð sé ekki endilega vísbending um að fyrirtækið sé hagkvæmlega rekið. Og Vodafone telur ekki hægt að miða lúkningargjöld félagsins við lúkningargjöld TeliaSonera í Svíþjóð og Finnlandi og O2 í Bretlandi og bendir á að TeliaSonera sé áttunda stærsta fyrirtækið á öllum Norðurlöndunum og O2 sé af svipaðri stærðargráðu.

¹⁴ Verð sem birtast í töflunni hafa verið umreiknuð í íslenskar krónur, miðað er við meðalgengi árána 2001 - 2005.

¹⁵ Samkvæmt norsku fjarskiptaeftirlitsstofnuninni (NPT) er núgildandi verð fyrir lúkningu í GSM farsímanet Telenor pr.mín 0.73 NOK (miðað við 2 mín. símtal með upphafsgjaldi) sbr. ákvörðun NPT um álagningu kvaða á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 16, bls. 48. Samkvæmt ákvörðun NPT á verð fyrir lúkningu í farsímaneti Telenor að lækka niður í 0,65 NOK fyrir árslok 2006. En þar sem ákvörðun NPT var kærð þá hefur boðuð lökkun ekki komið til framkvæmda.

¹⁶ Byggt er á upplýsingum frá bresku fjarskiptaeftirlitsstofnuninni (OFCOM) um að verð fyrir lúkningu í farsímaneti O2 sé 5,63 ppm (miðað við meðalgengi 1£=129,17), sjá:

http://www.ofcom.org.uk/consult/condocs/wholesale/wmvtc_statement/statement.pdf

¹⁷ Samkvæmt upplýsingum frá sænsku fjarskiptaeftirlitsstofnuninni (PTS) á verð fyrir lúkningu í farsímaneti TeliaSonera að lækka í 0,54 SEK árið 200, sjá http://www.pts.se/Archive/Documents/SE/Uppdaterad_prisrekommendation_MLRIC_1_juli%202005.pdf

PFS telur eðlilegt að miða við þau fyrirtæki sem eru með lágstu lúkningarverð. Að mati PFS er ekki rétt að miða við meðallúkningarverð í samanburðarlöndunum þar sem inni í meðalverði gæti verið fyrirtæki sem ekki væri með hagkvæm lúkningarverð. Þá bendir PFS á að stofnunin hefur skoðað þá útreikninga sem lagðir voru fram af Símanum þegar lúkningarverð félagsins var kostnaðargreint og það er mat stofnunarinnar að ef felldir eru niður liðir eins og viðskiptavild sé hægt að lækka lúkningarverð félagsins töluvert. Skoðun á þessu og öðrum þáttum bendir til þess að lúkningarverð hjá hagkvæmt reknu fyrirtæki á Íslandi sé því töluvert undir nógildandi verði Símans. Varðandi Og Vodafone þá telur PFS ekki rétt að styðjast við þá útreikninga sem lagðir voru til grundvallar við kostnaðargreiningu á lúkningarverði félagsins þar sem félagið var ekki með aðskilið bókhald. Hins vegar bendir PFS á að í útreikningum Og Vodafone var einnig tekið tillit til sambærilegra liða sem eðlilegt væri að fella niður.

2.5 Samantekt og niðurstaða

Hér fyrir ofan hefur verið farið yfir þær forsendur sem PFS telur að leggja beri til grundvallar við mat á því hvað séu sambærilegir samkeppnismarkaðir vegna ákvörðunar á verði fyrir lúkningu símtala í GSM farsímanet hér á landi. Í töflu 4 er að finna samantekt á niðurstöðum í framangreindri umfjöllun.

Tafla 4 Yfirlit yfir niðurstöður úr forsendum

Forsendur	Lönd/fyrirtæki
Verg landsframleiðsla á hvern íbúa	Svíþjóð, Ítalía, Bretland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Belgía, Holland, Austurríki, Sviss, Danmörk, Noregur og Írland
Sambærileg tækni	Svíþjóð, Ítalía, Bretland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Belgía, Holland, Austurríki, Sviss, Danmörk, Noregur og Írland
Samanburðarlönd með lágstu meðallúkningarverð	Svíþjóð, Bretland, Finnland og Noregur
Farsímafyrirtæki með lágstu lúkningarverð	TeliaSonera í Svíþjóð, O2 í Bretlandi og Telenor í Noregi

Með hliðsjón af framangreindu leggur PFS til að miða skuli verð fyrir lúkningu símtala í GSM net Símans og Og Vodafone við lúkningarverð hjá hagkvæmt reknu farsímafyrirtæki í Svíþjóð, Bretlandi og Noregi eins og þau voru 1. janúar 2006.

3.0 Ákvörðun um lúkningarverð

Með vísan til framangreinds telur PFS að rétt sé við ákvörðun á verði fyrir lúkningu á símtölum í GSM farsímanet Símans og Og Vodafone að miða við hagkvæmt rekið fyrirtæki í Svíþjóð, Bretlandi og Noregi, þar sem aðstæður á þeim mörkuðum eru sambærilegar við það sem gerist hér á landi og þar er einnig að finna lágstu lúkningarverð.

Í töflu 5 er að finna samanburð á verði framangreindra þriggja farsímafyrirtækja¹⁸. Þessi fyrirtæki taka ekki tengigjald og það er mat PFS að sama fyrirkomulag eigi að ríkja hér. Í þessum samanburðarlöndum er lúkningsverðið talið ná yfir allan kostnað við tengingu og lúkningu símtals. Að mati PFS þá ættu Síminn og Og Vodafone að ná inn fyrir öllum kostnaði við tengingu og lúkningu símtals með lúkningsverði án þess að þurfa taka sérstakt tengigjald.

Það meðalverð sem fæst við samanburðinn í töflu 5 er 7,49, kr. hvort sem er á dag- eða kvöld- og helgartaxta. Þetta er hækkun frá því sem áður var kynnt í samráðsskjalinu og skýrist af því að útreikningurinn er miðaður við meðalgengi síðustu 5 ára og Finnland hefur verið tekið út úr samanburðinum og Noregur komið í staðinn. Eins og áður þá telur PFS æskilegt að eitt verð sé fyrir lúkningu símtals hvort sem um dag, kvöld eða helgi er að ræða. Með því er m.a. hægt að forðast að farsímafyrirtæki á Íslandi sjái sér hag í að senda innanlands umferð í gegnum erlend fjarskiptafyrirtæki sem borga oftast meðalverð sem getur verið lægra en sá dagtaxti sem er í boði hér á landi fyrir innlend fjarskiptafyrirtæki.

Tafla 5 Samanburður á lögstu lúkningsverðum í Svíþjóð, Bretlandi og Noregi

	Dagtaxti	Kvöldtaxti
TeliaSonera (Svíþjóð) SEK	7,41	7,41
Telenor (Noregur) NOK	7,79	7,79
O2 (Bretland)	7,27	7,27
Meðaltal 3	7,49	7,49

PFS telur að teknu tilliti til hagkvæms rekens farsímafyrirtækis og fjárfestinga þeirra og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestingu að ekki sé óeðlilegt að miða verð fyrir lúkningu við 7,49 kr.

Í athugasemdum sínum telur Síminn að rökstuðningi PFS fyrir afnámi tengigjalds sé ábótavant. Með vísan til athugasemda framkvæmdastjórnar ESB vegna tilkynningar um lúkningsverð í Lúxemborg þá telur Síminn það ásættanlegt að verðlagning meðal smáþjóða miðist við meðallúkningsverð innan ESB, en ekki sé krafist að miða verði við þrjú lögstu fyrirtækin innan lögstu ríkjanna, eins og PFS ráðgerir. Síminn bendir á að sé miðað við meðalgengi fimm síðustu ára sé lúkningsverð félagsins nú þegar undir meðallúkningsverði innan ESB sem er kr. 10,47 (12.30 eurocent x 85,13).

Og Vodafone gerir einnig athugasemdir við að afnema eigi tengigjald og telur það órökstutt. Það sama segir Og Vodafone um þá fyrirætlan PFS að eitt verð sé fyrir lúkningu símtala hvort sem um er að ræða dag, kvöld eða helgi en félagið telur að það taki ekki mið af kostnaðarlegum forsendum.

Lúkningsverð geta skipst í annars vegar mínútgjöld sem geta verið breytileg á dag-, kvöld- eða helgartaxta og hins vegar tengigjöld. Tengigjöld eru venjulega notuð til standa straum af kostnaði sem ekki fæst greiddur með mínútgjöldum. Stundum setja

¹⁸ Til að bera lúkningsverð fyrirtækjanna saman þá hafa þau verið margfölduð með meðaltalsgengi íslensku krónunnar síðustu 5 ára (2001-2005) samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands og birtast nú í íslenskum krónum. Öll verð eru byggð á stöðluðum verðskrá frá fyrirtækjunum.

eftirlitsstofnanir ákveðið hámarks lúkningarverð en leyfa fjarskiptafyrirtækjunum síðan að velja útfærslu þess t.d með mismunandi mínútgjöldum og tengigjöldum. PFS telur að þessi aðferð sé ekki heppileg á íslenska markaðinum, þá sérstaklega mismunandi mínútgjald, þar sem hún getur leitt til ójafnræðis þegar farsímafélögin eru að selja mínútur til útlanda á ákveðnu meðalverði. Þá geta komið upp vandamál eins og fjallað er um í kafla 2.3.3 í greiningu á markaði 16 (viðauki 1) að beina farsímaumferð um annan þjónustuveitanda (re-routing eða refiling).

Varðandi athugasemd Símans um að miða við meðallúkningarverð innan ESB þá telur PFS það muni ekki leiða til fullnægjandi niðurstöðu og myndi ekki leysa þau vandamál sem eru á markaði 16. Að öðru leyti vísar PFS til umfjöllunar í kafla 2.4.

4.0 Verðaðlögun¹⁹

Þegar verð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum hér á landi hefur verið reiknað út í samræmi við framangreindan verðsamanburð er niðurstaðan 7,49 kr. á mínútu. Það er talsvert bil á milli þess verðs sem fengið er með framangreindum verðsamanburði og núverandi lúkningarverðs Og Vodafone og Símans, sjá töflu 5 og kafla 1.0. Það getur því reynst félögunum þungt að lækka lúkningarverð sín í einu þrepi og einnig getur það reynst þeim misþungt að lækka sín verð m.t.t. þess hversu lengi þau hafa starfað, eftir stærð þeirra eða hversu verðbilið er mikið.

Síminn hóf að veita GSM farsímaþjónustu árið 1994 og Tal hf. hóf að bjóða þjónustu í samkeppni við Símann árið 1998. Síminn hafði því 4 ára forskot á samkeppnisaðila sína í farsímarekstri. Lúkningarverð allra farsímafélaganna voru jöfn síðast í desember 2001 en þá hækkuðu Íslandssími og Tal lúkningarverð sín á meðan Síminn lækkaði sín. PFS telur eðlilegt að taka tillit til þess hversu lengi félögin hafa starfað á farsíma markaði. Með hliðsjón af því telur PFS að rétt sé að koma til móts við félögin með því að gera þeim kleift að lækka sín verð í þrepum innan ákveðins aðlögunartíma. Jafnframt hefur PFS ákveðið að koma til móts við óskir farsímafélaganna og lengja aðlögunartímann um sex mánuði frá því sem gert var ráð fyrir í samráðsskjali þ.e. til 1. júní 2008 í stað 1. desember 2007.

PFS telur að sanngjarnt sé að gefa farsímafélögunum ákveðin aðlögunartíma til þess að lækka lúkningarverð sín í það verð sem PFS hefur reiknað út á grundvelli verðsamanburðar við hagkvæmt rekið fyrirtæki í Svíþjóð, Bretlandi og Noregi. PFS leggur því til að lúkningarverð lækki niður í **7,49 kr.** hjá báðum félögum fyrir 1. júní 2008 í fjórum jöfnum þrepum. Á sama hátt er lagt til að tengigjald félaganna lækki þar til það fellur alveg niður. Í ljósi þess og með hliðsjón af því að lúkningarverð félaganna voru síðast gagnkvæm í desember 2001 þá hefur Og Vodafone og forverar þess í lok árs 2007 haft hærra lúkningarverð en Síminn í u.þ.b. 6 ár sem telja verður að gefið hafi Og Vodafone tækifæri til að minnka forskot Símans. Í töflu 6 er að finna tillögu PFS að lækkun lúkningarverðs hjá Símanum og Og Vodafone fyrir símtöl í eigin GSM farsímanet. Lækkunin skiptist þannig að í hvert skipti lækkar verðið hjá Símanum um rúmar 0,35 kr. á mínútu en um rúmar 1,15 kr. hjá Og Vodafone þar til bæði verð enda í 7,49 kr. Tengigjaldið lækkar um 0,25 kr. hjá Og Vodafone og 0,17 kr. hjá Símanum í hvert skipti sem lækkað er og endar í 0 kr. Heildarlækkunin á

¹⁹ Á ensku “glidepath”.


einnar mínútu símtali hjá Og Vodafone er 43% en hjá Símanum 22% þannig að um tölurverða lækking er um að ræða.

Tafla 6. Lækking lúkningarverða í GSM farsímanetum til 1.6.2008.

		1.1 2006	1.9 2006	1.6 2007	1.12 2007	1.6 2008
Verðsamanburður	7,49					
Síminn lúkningarverð	8,92	8,92	8,56	8,21	7,85	7,49
Og Vodafone lúkningarverð	12,10	12,10	10,95	9,80	8,64	7,49
Og Vodafone tengigjald	0,99	0,99	0,74	0,50	0,25	0,00
Síminn tengigjald	0,68	0,68	0,51	0,34	0,17	0,00
Mismunur	3,18	3,18	2,39	1,59	0,80	0,00

Mynd 4 sýnir hvernig lúkningarverð lækka niður í **7,49 kr.** hjá báðum félögum fyrir 1. júní 2008. Á myndinni sést að munurinn á milli félaganna mun minnka í hvert skipti sem lúkningarverð lækka.

Mynd 4. Áætluð lækking á lúkningarverðum



Og Vodafone telur að ýmsir áhrifaþættir við mat á umtalsverðum markaðsstyrk kalli á mismunandi kvaðir gagnvart félaginu annars vegar og Símanum hins vegar. Og Vodafone gerir þá kröfu að PFS falli frá fyrirætlunum sínum um jöfnun lúkningargjalda.

PFS hefur ekki fallið frá fyrirætlunum sínum um jöfnun lúkningargjalda en hefur með breyttum tillögum lengt aðlögunartímann um 6 mánuði til 1. júní 2008, tekið Finnland

út úr samanburðinum og tekið tillit til sterks gengis árið 2005 með því að miða við meðalgengi sl. 5 ár. Niðurstaðan er að hærra verð kemur úr samanburðinum og félögin hafa lengri tíma til að aðlagast nýju verði. Skoðun á útreikningum Símans bendir til að 7,49 kr. lúkningarverð sé ekki undir kostnaðarverði hagkvæms rekens farsímafyrirtækis á Íslandi. Í ljósi þess telur PFS að varlega sé farið með verðsamanburði við erlend farsímafélög sem gefi 7,49 kr. og að framangreind niðurstaða sé ekki í andstöðu við meðalhófsreglu

5.0 Þróun

Eitt af vandamálum með verðsamanburð og aðlögunartíma er að farsímafyrirtæki sem eru með há lúkningarverð í dag geta orðið með þeim lægstu á aðlögunartímabilinu. Þannig gæti verðsamanburður miðaður við verð þann 1. desember 2006 gefið aðra niðurstöðu. Það er hins vegar nauðsynlegt að íslensku farsímafyrirtækin viti nákvæmlega hvernig lúkningarverð fyrir símtöl í farsímanet eigi að þróast til 1. júní 2008 og því hyggst PFS ekki endurskoða lúkningarverð fyrirtækjanna í töflu 6 fyrr en eftir aðlögunartímabilið. PFS mun hins vegar fylgjast með þróun lúkningarverðs í samanburðarlöndunum til að tryggja að þróunin hér á landi sé sambærileg. Einnig mun PFS fylgjast með verðbólgu og öðrum þáttum sem hafa áhrif á lúkningarverð

PFS telur nauðsynlegt að gefa farsímafélögunum tækifæri til að koma með tillögur um hvernig lúkningarverð í GSM farsímanetum eigi að þróast. PFS telur rétt að stefna að því að LRIC kostnaðargreining verði tekin upp fyrir lúkningarverð í GSM farsímanetum innan 2 ára þ.e.a.s. við lok aðlögunartímans. Þannig að meðan Síminn og Og Vodafone eru að lækka lúkningarverð sín niður í 7,49 kr. hyggst PFS kalla eftir sjónarmiðum aðila um hvort styðjast eigi áfram við verðsamanburð eða taka eigi upp kostnaðargreiningaraðferðir eins og LRIC aðferðarfræðina.

Í athugasemdum Símans og Og Vodafone kemur fram að félögin vilja að lúkningarverð séu kostnaðargreind í stað þess að stuðst sé við verðsamanburð þann sem PFS leggur til. Og Vodafone vill að stuðst verði við LRIC kostnaðarlíkan en Síminn krefst þess að PFS falli frá fyrirhugaðri notkun á LRIC og byggi þess í stað á sögulegum kostnaði.

PFS ítrekar það að rétt sé að styðjast við verðsamanburð fyrst um sinn. Að mati PFS þá er sú aðferð minnst íþyngjandi fyrir fyrirtækin, einföld og gefur kost á að niðurstaða fái á tiltölulega skömmum tíma. LRIC er bæði kostnaðarsöm og tímafrek aðferð og miðað við stærð og afkastagetu PFS þá telur stofnunin ekki forsvaranlegt að styðjast við LRIC nema aðrar kostnaðar- og umfangsminni aðferðir séu fullreyndar. Hvað varðar sögulega kostnaðargreiningu þá telur PFS að sú aðferð sé álíka kostnaðarsöm og tímafrek og LRIC aðferðin og í ljósi þess að framkvæmdastjórn ESB hefur mælt með því að stuðst sé við LRIC kostnaðarlíkan á markaði 16 en ekki sögulega kostnaðargreiningu þá telur PFS að ekki komi til greina að styðjast við sögulega kostnaðargreiningu.